

REGLUGERÐ

um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.

1. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu innheimta virðisaukaskatt af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtunum, sem eru skemmtanaskattsskyldar samkvæmt lögum nr. 58/1970, nema samkoman sé tvímælalaust undanþegin virðisaukaskatti. Löggæslumenn, sem annast löggæslu á viðkomandi skemmtun, skulu þegar að skemmtun lokinni afhenda samkomuhaldara virðisaukaskattsskýrslu, sem útfylla skal þá þegar í samræmi við fjölda seldra aðgöngumiða. Löggæslumenn skulu síðan innheimta á staðnum greiðslu samkvæmt skýrslunni og afhenda innheimtumanni innheimtuféð ásamt skýrslu næsta virkan dag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu samkomuhús með fastan rekstur skila virðisaukaskatti á venjulegum gjalddögum, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988.

2. gr.

Innheimta skv. 1. gr. er bráðabirgðaskil virðisaukaskatts. Við skil skal útfylla virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur skattsskyld velta (aðgangseyrir án virðisaukaskatts) og útskattur. Sé um innskatt að ræða vegna samkomunnar skal samkomuhaldari tilgreina hann á virðisaukaskattsskýrslu á reglulegum gjalddaga, sbr. 24. gr. laga nr. 50/1988. Á þeirri skýrslu skal vísa til fyrri skýrslu um skattskylda veltu (aðgangseyri) og útskatt.

3. gr.

Ákvörðun lögreglustjóra um innheimtu skv. 1. gr. er kæránleg til skattstjóra í því umdæmi þar sem samkomuhaldari er heimilisfastur samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 50/1988.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Rúnar Hannesson.